



## Fréttatilkynning

Ársfundur Alþýðusambands Íslands verður haldinn á Hótel Nordica dagana 18. og 19. október 2007. Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ flytur stefnuræðu kl. 10:00 þann 18. október og síðan mun félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, flytja ávarp.

Helstu viðfangsefni fundarins eru:

- Efnahags- og kjaramál
- Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið

Framsaga og fyrri umræða um efnahags- og kjaramál mun fara fram fyrir hádegi þann 18. október. Framsaga og fyrri umræða um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið verður síðan eftir hádegi sama dag.

Dagskrá ásamt þeim gögnum sem þegar liggja fyrir fundinum má finna á vef Alþýðusambands Íslands [www.as.is](http://www.as.is).

Nánari upplýsingar gefa:

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ í síma 896 4559

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ í síma 896 9854